

Bréf

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. mars 2019
2019010031

Efni: Umsögn - Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000, með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs) - 154. mál.

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000, með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs) - 154. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 18. febrúar 2019, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000, með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs), 154. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa telur það jákvætt ef Alþingi ákveður að lengja fæðingarorlof þar sem slíkt veitir börnun tækifæri til þess að dvelja lengur með foreldrum sínum eftir fæðingu. Bendir Barnaverndarstofa í þessu sambandi á að barn myndar framtengsl við foreldra sína og/eða aðra umönnunaraðila á fyrsta eina til tveimur árum lífs síns. Mikilvægt er að vel takist til þar sem þessi framtengsl eru grunnurinn að getu barnsins til þess að mynda tengsl við aðra einstaklinga síðar á lífsleiðinni. Lenging þess tíma sem foreldrar geta verið heima með börnum sínum er þannig til þess fallin að efla þessi framtengsl barnsins við foreldra sína.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
forstjóri Barnaverndarstofu